# *Nr. 18-008 S 004 Gnúpur GK 11*

## *Skipverji slasast við fall*

*Skipaskr.nr.* 1579
*Smíðaður:* Flekkefjord Noregi 1981, stál
*Útgerð:* Þorbjörn hf
*Stærð:* 627,8 brl. 1141 bt.
*Mesta lengd:* 68,2 m *Skráð lengd:* 61,79 m
*Breidd:* 10,2 m *Dýpt:* 6,81 m
*Vél:* MaK 2355 kW, 1981
*Fjöldi skipverja:* 26

***Gögn:***
*Gögn RNSA*



Gnúpur ©Hilmar Snorrason

*Málið afgreitt á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 5. ágúst 2017 var Gnúpur GK 11 út af Breiðafirði. Veður: NA 3-6 m/s.

Skipverji var að setja frystipönnu í frystitæki þegar hann rann til og féll með þeim afleiðingum að pannan lenti ofan á honum. Skipverjinn slasaðist á baki.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að slasaði missti vinstri fótinn undan sér og féll á gólfgrindurnar;
- að gólfgrindurnar við frystitækin voru gráar fíbergrindur með grófu yfirborði;
- að sögn slasaða var frystipannan 20-30 kg að þyngd;
- að slasaði var í nýlegum stígvélum.

### *Nefndarálit:*

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.